

Umsókn um milliskilríki

Beiðni um útgáfu milliskilríkja á grunni Íslandsrótar



ÍSLANDSRÓT

Umsækjandi / áskrifandi

Umsækjandi / vottorðshafi

Lögheimili áskrifanda

Lögheimili vottorðshafa

Kennitala áskrifanda

Kennitala vottorðshafa

Stjórnunarlegur tengiliður skal vera lögbær fulltrúi áskrifanda og skráður prókúfuhafi í fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra.

Stjórnunarlegur tengiliður

Netfang

Lögheimili stjórnunarlegs tengiliðar

Kennitala

Sími

Tæknilegur tengiliður

Netfang

Lögheimili tæknilegs tengiliðar

Kennitala

Sími

Stimplað vottorð úr fyrirtækjaskrá með staðfestingu á prókúru stjórnunarlegs tengiliðar skal fylgja umsókn.

Íslandsrót áskilur sér rétt til að kalla eftir frekari upplýsingum í tengslum við umsóknina. Þessar upplýsingar geta átt við en takmarkast þó ekk við sönnun á fjárhagslegu hæfi, skilum á opinberum gjöldum, o.fl.

Heiti skilríkja

Stærð lykla (bæti)

Tilgangur skilríkja

Áætlaður fjöldi útgefinna endaskilríkja á ári

Áætlaður fjöldi vottorðshafa

Gerð endaskilríkja - beiting

Gerð endaskilríkja - tegund

Hefur aðili kynnt sér vottunarstefnu Íslandsrótar?

Mun vottunarstöðin uppfylla kröfur vottunarstefnunar?

Dagsetning

Undirskrift stjórnunarlegs tengiliðar

Athugaðu !

Hægt er að skrifa undir beiðni rafrænt eða á pappír. Aðeins er tekin gild undirskrift sem uppfyllir kröfur um undirskriftir skv. skilningi laga um rafrænar undirskriftir nr. 28/2001.

Skýringar

Grunnupplýsingar

Fyrst er beiðni um upplýsingar um áskrifanda og vottorðshafa (oftast sami aðili) og upplýsingar um tengiliði.

Áskrifandi

Lögaðili sem er áskrifandi hjá vottunarstöð. Áskrifandi getur jafnframt verið vottorðshafi í skilríkjum.

Vottorðshafi

Lögaðili sem auðkenndur er í skilríkjum sem handhafi þess lykklapars, einkalykils og dreifilykils, sem tilgreint er í skilríkjunum. Vottorðshafi getur verið áskrifandi sem fær lykklapar í eigin nafni.

Stjórnunarlegur tengiliður

Stjórnunarlegur tengiliður ber ábyrgð á samskiptum áskrifanda við vottunarstöð Íslandsrótar. Stjórnunarlegur tengiliur skal vera lögbær fulltrúi áskrifanda og skráður prókúruhafi í fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra. Stjórnunarlegur tengiliður skal undirrita umsókn um milliskilríki.

Tæknilegur tengiliður

Tæknilegur tengiliður er aðili á vegum umsækjanda sem ber tæknilega ábyrgð á uppsetningu milliskilríkja umsækjanda. Tæknilegur tengiliður þarf ekki að vera starfsmaður umsækjanda. Stjórnunarlegur tengiliður skal gefa út yfirlýsingu um tengsl tæknilegs tengiliðs við umsækjanda og að tæknilegur tengiliður hafi heimild til að afhenda og móttaka gögn í tengslum við vottun og uppsetningu milliskilríkjanna. Ef tæknilegur tengiliður er skilgreindur í umsókn telst hann réttilega skráður.

Vottorð úr fyrirtækjaskrá

Vottorð úr fyrirtækjaskrá þarf að sýna nafn og kennitölu áskrifanda ásamt staðfestingu á prókúru stjórnunarlegs tengiliðar.

Upplýsingar vegna samskipta

Allar tilkynningar vegna umsýslu milliskilríkja sem vottunarstöð Íslandsrótar sendir á áskrifanda samkvæmt þeim upplýsingum sem settar eru fram í umsókn um milliskilríki eða í breytingum þar á teljast réttilega sendar áskrifanda. Það er á ábyrgð áskrifanda að tilkynna vottunarstöð Íslandsrótar um allar breytingar á upplýsingum vegna samskipta.

Heiti skilríkja

Mikilvægt er að velja gott heiti milliskilríkja en um það gilda ákveðnar reglur og viðmið. Íslandsrót áskilur sér rétt til þess að hafna heiti á milliskilríkjum. Eftirfarandi þætti skal hafa í huga við val á heiti:

- Heiti skilríkja má ekki vera skráð vörumerki annars aðila en umsækjanda, nema fyrir liggja heimild frá rétthafa.
- Heiti skilríkja skal ekki vera óviðeigandi eða særandi, ærumeiðandi, eða geti skapað misskilning.
- Ef heiti skilríkja er heiti á léni eða beintengt við það verður það lén að vera tengt umsækjanda .

Upplýsingar um beitingu skilríkja

Upplýsingar hér eru ætlaðar til að gefa til kynna hvernig útgáfu umsækjandi hyggst standa að.